

Fimmtudaginn 30. nóvember 1995.

Nr. 464/1994.

Elín Gunnarsdóttir og

Eva Magnúsdóttir

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

Lindon ApS

(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

Lausafjárkaup. Sönnun. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1994, en það var fellt niður 24. október sama ár og var áfrýjað að nýju með stefnu 18. nóvember 1994 samkvæmt heimild í 4. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 7. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á þeim lögum. Krefjast áfrýjendur sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar var málið skriflega flutt fyrir réttinum á grundvelli 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994.

I.

Hinn 12. febrúar 1988 beindi Ögn sf. sölutilboði til áfrýjenda, Jóhannesar Árnasonar, Inga Rúnars Sigurjónssonar og Úlfars Arasonar, um Tískuverslunina Ess, sem var eign félagsins. Var tilboðið gert af eignum félagsins, Guðrúnu Jónasdóttur og Þorbjörgu Snorradóttur. Segir í tilboðinu, að þar sé boðið fram „fyrirtækið, þ. e. viðskiptavild og nafnið Ess ásamt vörumboðum“, auk efnisbirgða samkvæmt vörutalningu, sem skyldi fara fram 25. febrúar 1988. Var ráðgert í tilboðinu, að kaupendur tækju við hinu selda þann dag, en um þetta segir þar að öðru leyti: „Frá sama tíma að telja verða skuldbindingar kaupanda seljendum óviðkomandi, og á sama hátt verða skuldbindingar seljenda fyrir þann tíma kaupendum óviðkomandi . . .“. Þá var þess getið í tilboðinu, að seljandi

samþykki, að kaupendur stofni hlutafélag, sem beri heitið Ögn. Áfrýjendur samþykktu tilboðið fyrir hönd kaupenda 12. febrúar 1988.

Í tilkynningu til Hlutafélagaskrár, sem barst henni 24. febrúar 1988, var frá því greint, að áfrýjendur hefðu þann 12. sama mánaðar stofnað félagið Ögn hf. ásamt áðurnefndum Jóhannesi og Inga Rúnari svo og Hermanní Árnasyni. Gerði þetta nýja félag svonefndan viðbótarsamning 3. mars 1988 við Ögn sf., þar sem síðarnefnda félagið samþykkti, að hið fyrrnefnda tæki við réttindum og skyldum kaupenda samkvæmt upphaflega samningnum. Var að öðru leyti mælt fyrir í viðbótarsamningnum um breytingar á áður umsömdum greiðslum úr hendi kaupanda, auk þess að tekið var fram, að vegna rekstrar Agnar sf. frá 1. janúar til 1. mars 1988 yrði ekki unnt að slíta félaginu fyrir en í lok þess árs.

Samkvæmt vörupöntun, sem var rituð 11. febrúar 1988 á eyðublað frá stefnda, leitaði Ögn sf. eftir tilteknum vörum frá stefnda, sem skyldu afhentar í nokkrum áföngum í mars og apríl á því ári. Pöntunin er árituð af umboðsmanni stefnda hér á landi, en af hálfu kaupanda er hún ekki undirrituð. Óumdeilt er, að stefndi sendi vörurnar og gerði Ögn sf. reikninga fyrir þeim, svo og að vörurnar voru ekki leystar út og voru endursendar stefnda. Í málinu sækir stefndi áfrýjendur til greiðslu á samanlagðri fjárhæð þessara reikninga að frádregnu því, sem hann kveðst hafa selt vörurnar fyrir, eftir að þær bárust honum aftur í hendur.

II.

Reikningar stefnda, sem um ræðir í málinu, hljóðuðu, sem áður segir, á Ögn sf., og gegnir sama máli um vörupantanir að baki þeim, dagsettar 11. febrúar 1988. Í sölutilboði, sem áfrýjendur samþykktu ásamt fleirum 12. sama mánaðar, er, svo sem fyrr greinir, tekið fram, að skuldbindingar, sem Ögn sf. stofni til fyrir 25. febrúar 1988, séu kaupanda óviðkomandi. Verður því ekki fallist á, að áfrýjendur hafi með samningi við Ögn sf. tekið að sér skuldbindingar félagsins við stefnda.

Stefndi heldur því fram, að áfrýjendur hafi komið á fund umboðsmanns hans í Reykjavík 11. febrúar 1988 ásamt öðrum eða báðum eigendum Agnar sf., og hafi það í raun verið áfrýjendur, sem pöntuðu umræddar vörur í eigin þágu frá stefnda. Þessa staðhæfingu

styður stefndi við vitnaskýrslur umboðsmannsins og Þorbjargar Snorradóttur, annars eiganda Agnar sf. Við mat á gildi þessa vitnisburðar verður að líta til tengsla fyrrnefnda vitnisins við stefnda svo og þess, að síðarnefnda vitnið kann að eiga á hættu, að stefndi sækir það til greiðslu kröfu sinnar, ef áfrýjendum verður dæmd sýkna. Í því ljósi verður ekki talið, að stefnda hafi tekist gegn eindreginni neitun áfrýjenda að sanna, að þeir hafi gert umrædda vörupöntun.

Samkvæmt þessu verða áfrýjendur sýknaðir af kröfum stefnda. Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Elín Gunnarsdóttir og Eva Magnúsdóttir, skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Lindon ApS.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. október 1993.

Mál þetta höfðaði Lindon ApS, Nörregade 18–20, Ikast, Danmörku, með stefnu 5. febrúar 1992 á hendur Elínu Gunnarsdóttur, kt. 240160–2269, Klöpp, Svalbarðsstrandarhreppi, og Evu Magnúsdóttur, kt. 190456–4989, Hjarðarslóð 2d, Dalvík. Stefndi krefst þess, að stefndu verði dæmdar til að greiða 27.022 dkr. með ársvöxtum sem hér segir: [...]. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar, er beri vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Stefndi kveðst hafa selt Ögn sf. á Akureyri vörur árið 1988. Vegna þessarar sölu hafi verið gefnir út 11 reikningar, samtals að fjárhæð 32.722 dkr. Stefndu, Elín og Eva, hafi keypt rekstur og viðskiptasambönd Agnar sf. og pantað vörur þessar. Stefndu hafa neitað, að þær hafi gert þessa pöntun, og tóku þær eigi við vörunni. Var hún að lokum endursend stefnanda. Stefndi kveðst hafa selt vörur þessar með verulegum afslætti, eftir að þær komu til baka, og hefur lækkað stefnukröfur sem því nemur. Er því gerð krafa um greiðslu á 27.022 dkr.

Gert Brovall, sem var umboðsmaður stefnanda hér á landi, hefur haldið því fram fyrir dómi, að þá pöntun, er krafid er um greiðslu fyrir í máli þessu, hafi stefndu, Eva og Elín, gert 11. febrúar 1988. Styðst þessi framburður hans við framburð Þorbjargar Snorradóttur, en hún og Guðrún Jónasdóttir ráku á þeim tíma sameignarfélagið Ögn. Hinn 12. febrúar var

gengið frá samningi, þar sem stefndu keyptu rekstur verslunarinnar af Ögn sf. Stefndu hafa fyrir dómi neitað að hafa hitt Brovall á heimili og starfsstöð hans í Reykjavík á þessum tíma, en kannast við að hafa komið þar síðar.

Lagður hefur verið fram í málinu í ljósriti samningur, þar sem stefndu kaupa rekstur verslunar, er nefndist Tískuverslunin ESS, af Ögn sf. Í framhaldi af því stofnuðu stefndu ásamt fleiri aðilum hlutafélagið Ögn, en samið hafði verið um heimild til notkunar nafnsins. Rak hlutafélagið síðan verslun þessa.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að stefndu hafi pantað þær vörur, er um ræðir, og því séu þær skuldbundnar til greiðslu kaupverðsins.

Stefndu krefjast sýknu vegna aðildarskorts. Þær neita því, að þær hafi pantað þær vörur, er kafið er um greiðslu fyrir. Þá hafi þær ekki skuldbundið sig til að taka við vörum þessum, er þær keyptu rekstur verslunarinnar. Stefndu benda á, að Ögn sf. hafi verið sameignarfélag Guðrúnar Jónasdóttur og Þorbjargar Snorradóttur, allt þar til félagið var afskráð 25. febrúar 1988. Stefndu hafi aldrei keypt þetta félag. Hins vegar hafi þær ásamt fleiri aðilum stofnað hlutafélagið Ögn. Rekstur sameignarfélagsins hafi verið þeim með öllu óviðkomandi, og þær hafi aldrei gengið í ábyrgð fyrir rekstri Agnar sf.

Með framburði vitnanna Gert Brovall og Þorbjargar Snorradóttur verður að telja nægilega sannað, að stefndu hafi 11. febrúar 1988 pantað þær vörur, sem fjallað er um í máli þessu. Verður því að telja, að þær séu skuldbundnar til að greiða kaupverð þeirra. Stefnandi hefur lækkað stefnukröfur með hliðsjón af söluverði vörunnar til annarra, en henni var á endanum komið til hans að nýju, er ekki var vitjað um hana á póststöð á Akureyri. Stefnukröfum hefur ekki verið mótmælt tölulega, og verða kröfur stefnanda teknar til greina. Verða stefndu því dæmdar til að greiða 27.022 dkr. með vöxtum sem í dómsorði greinir. Málskostnaður ákveðst hæfilega 75.000 kr.

Dóm þennan kveður upp Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Elín Gunnarsdóttir og Eva Magnúsdóttir, greiði stefnanda, Lindon ApS, 27.022 danskar krónur með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndu greiði stefnanda 75.000 kr. í málskostnað.